

**Borgarstjórn**  
**4. september 2018**

**Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um fleiri göngugötur**

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- skipulagssviði að útfæra Laugaveg og Bankastræti sem göngugötur allt árið ásamt þeim götum í Kvosinni sem koma til greina sem göngugötur. Jafnframt verði sviðinu falið að útfæra endurhönnun umræddra göngusvæða með tilliti til öryggis og vellíðunar gangandi vegfarenda og vandaðrar borgarhönnunar. Algild hönnun með aðgengi fyrir alla verði höfð að leiðarljósi við útfærsluna í samráði við notendur og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Ennfremur verði sviðinu falið að útfæra skilvirka og örugga vörulosun á göngugötum í samráði við verkefnastjóra miðborgar og hagsmunaaðila. Sviðið skili tillögum um göngugötur allt árið til borgarstjóra þegar útfærsla liggur fyrir.

Greinargerð:

Eitt af megin markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 er að skapa lífleg og fjölbreytileg almenningsrými í borginni og skapa meira aðlaðandi borgarbrag. Þar gegnir göturýmið lykilhlutverki, ekki síst göturými miðborgarinnar. Á árinu 2016 fór af stað tilraunaverkefni til þriggja ára um að göngugötur skyldu vera opnar 1. maí til 1. október á hverju ári auk þess sem göngugötur eru opnaðar við sérstök tilefni þegar um stórar borgarhátíðir á borð við Iceland Airwaves er að ræða eða þegar aðventan gengur í garð. Göngugötum er ætlað að auðga mannlíf og bæta aðgengi gangandi vegfarenda að verslun, þjónustu og mannlífi. Þá er í auglýsingu breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem fjallar um göngugötur. Í breytingunni felst að setja fram ákveðnari markmið um göngugötur í miðborginni í heild. Auk þess njóta göngugötur aukinna vinsælda og samkvæmt könnun Maskínu eru 71% aðspurðra ánægðir með göngugötur. Við það bætist að í meirihlutasáttmála Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna segir: „Við ætlum að gera Laugaveg að göngugötu allt árið og fjölga göngusvæðum í Kvosinni“.